



Alþingi
Erindi nr. E/38/1001
komudagur 22.1.2010

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.

Hjúkrunarráð Landspítala gerir alvarlegar athugasemdir við þær breytingar sem settar hafa verið fram í frumvarpi til laga um breytingu á lögum heilbrigðisþjónustu (nr. 40/2007). Í frumvarpinu er lagt til að felld verði á brott 2. mgr. 10 greinar laganna sem kveður á um að yfirlæknar sérgreina eða sérdeilda beri faglega ábyrgð á lækniþjónustu og með sama hætti 3. mgr. laganna þar sem kveðið er á um að deildarstjórar hjúkrunar beri faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu. Í 1. mgr. laganna kemur fram að framkvæmdarstjóri lækninga og hjúkrunar beri faglega ábyrgð á starfsemi stofnunarinnar. Fagleg ábyrgð á hjúkrunar- og lækniþjónustu verður því eingöngu tryggð í lögum hjá framkvæmdarstjóra hjúkrunar og lækninga. Hjúkrunarráð Landspítala leggst alfarið gegn þessum breytingum og telur að þegar litið er til umfangs þjónustu spítalans þar sem þriðji hver Íslendingur fær árlega þjónustu (yfir 106.000 einstaklinga árið 2008) sé engan veginn raunhæft að ætlast til að fagleg ábyrgð í hjúkrun liggja eingöngu hjá framkvæmdarstjóra hjúkrunar heldur verði að tryggja hana með lögum hjá stjórnendum nær sjúklingnum enda þótt framkvæmdarstjóri hjúkrunar beri vissulega faglega ábyrgð á þjónustunni í víðara samhengi.


Stjórnendur á Landspítala eru forstjóri, framkvæmdastjórar, hjúkrunardeildarstjórar og yfirlæknar. Ábyrgðarsvið deildarstjóra og yfirlækna er þriðþætt, faglegt og fjárhagslegt sem og ábyrgð á starfsmannahaldi. Starfsemi stofnanna eins og Landspítala er afar fjölbreytt og fagleg þekking og þjónusta innan hans er víðtæk og flókin. Landspítali er háskólasjúkrahús og þar stundar stór hópur heilbrigðisnema nám. Deildarstjórar í hjúkrun gegna mikilvægu hlutverki varðandi menntun og klínískt nám hjúkrunarfræðinema. Það er nauðsynlegt að í öllum tilfellum sé starfandi faglegur yfirmaður í hjúkrun og lækningum þar sem þjónustan er veitt. Ábyrgðin verður að koma skýrt fram í lögum til að tryggja áfram gæði og öryggi í þjónustunni.

HJÚKRUNARRÁÐ LANDSPÍTALA

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að *tilgangur breytinganna sé er að auka svigrúm til að endurskipuleggja heilbrigðisstofnanir og með því að gera kleift að sameina eða breyta stöðum stjórnenda þar sem það er talið auka skilvirkni og draga úr kostnaði*. Hjúkrunarráð telur að þessi rök haldi ekki. Enga lagabreytingu þurfi til að endurskipuleggja, sameina og breyta stöðum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að á síðustu árum hafa verið gerðar gagngerar breytingar í þessa veru á Landspítala sem og öðrum heilbrigðisstofnunum með það fyrir augum að auka skilvirkni og ná fram hagræðingu. Hjúkrunarráð Landspítala varar hins vegar alvarlega við að farin verði sú leið að hjúkrun verði skipulögð og veitt á heilbrigðisstofnunum án nauðsynlegrar fagþekkingar næstu yfirmanna þjónustunnar. Slíkt er eingöngu ávísun á mun lakari og dýrari þjónustu þegar til lengri tíma er litið.

Þegar breytingar eru gerðar á heilbrigðislögum er mikilvægt að horfa til þess að tryggja gæði og öryggi þjónustu við sjúklinga. Ekki verður séð að það markmið sé haft að leiðarljósi í frumvarpinu.

f.h. Hjúkrunarráðs Landspítalans



Bylgja Kærnested

HJÚKRUNARRÁÐ LANDSPÍTALA